

Sþ. 334. Tillaga til þingsályktunar [174. mál]

um rannsókn á aðstæðum til virkjunar í Jökulsá eystri í Skagafirði.

Flm.: Gunnar Gíslason, Pálmi Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fram fara, þegar á þessu ári, rækilega könnun á aðstæðum til virkjunar í Jökulsá eystri í Skagafirði.

Greinargerð.

Augljóst er, að okkar Norðlendinga biður skortur á raforku í nánustu framtíð. Miklar umræður og jafnvel hatrammar deilur hafa spunnizt um úrræði í orkumálum þessa landshluta.

Nú virðist ætlan stjórnvalda að bæta úr skorti á raforku á Norðurlandi með því að leggja háspennulínu norður yfir hálendið frá virkjunum sunnan fjalla. Sjálf-sagt kemur að því, að lína þessi verði lögð, enda ekki ágreiningur um þá stefnu að tengja saman raforkuverin. Hins vegar er á því mikill og eðlilegur áhugi á Norðurlandi, að byggð verði virkjun eða virkjanir innan fjórðungsins, og sú krafa hefur komið fram, að jafnframt ráðagerðum um línulögn að sunnan verði kannaðar til hlítar aðstæður til virkjana í fallvötnum norðanlands, til þess að með því fáið samanburður á leiðum til hagfelldastrar, ódýrastrar og öruggastrar orkuvinnslu fyrir norðlenzkar byggðir.

Þegar rætt hefur verið um hugsanlegar virkjanir á Norðurlandi, hefur verið bent á virkjun Jökulsár eystri í Skagafirði. Nokkur frumathugun mun hafa verið gerð á aðstæðum til virkjunar Jökulsár, og eftir því sem flm. bezt vita, hefur sú athugun bent til þess, að þar megi virkja með hagfelldum hætti. En til þess að ljóst liggi fyrir, hvort virkjun Jökulsár eystri er hagkvæm eða ekki, þarf að kanna til hlítar allar aðstæður til virkjunar þar og gera áætlun um kostnað við orkuöflunina og um nýtingu orkunnar.

Ef svo reynist við athugun, að virkjun Jökulsár eystri sé hagkvæm, þá gera flm. sér vonir um, að með þeirri virkjun verði fundin lausn til þess að koma í veg fyrir skort á raforku á Norðurlandi til nokkurrar frambúðar og jafnframt geti sú framkvæmd orðið til þess að jafna ágreining um orkumál okkar Norðlendinga, ekki aðeins innbyrðis ágreining heimamanna, heldur einnig ágreining Norðlendinga við stjórnvöld.